

bryggjusporðinn og að stiganum, er stúlkan hafði klöngrast upp undan ofsóknar mönnunum.

“Heyrðu eitt augnablik — þú þarna, djöfla-
mergur! Snúðu aftur, eða eg rek hausinn á þér langt
niður í maga!” Rödd Dextrys var fremur óblið og
kom þeim á óvart, er fyrir voru, og í myrkrinu sýnd-
ist þeim, er fyrir voru, hann vera líkari trölfi en
manni.

“Farðu til fjandans! Stúlkan er að strjúka!”
sagði sá, er efstur var í stiganum.

“Eg trúi þér”.

“Hún slapp —”.

“Haltu kjafti!” tók sá næsti undir. “Ertu að
reyna að auglýsa það? — Farðu úr vegi, þú afglapi
þarna uppi!” Röddin var fremur spjátrungsleg og
verkaði óþægilega á skapsmuni Dextrý's.

“Haltu áfram, Thorson”. Thorson greip nú í
bryggjupallinn og reyndi að klifra upp, en Dextrý
lét hælana ganga óvægilega á fingurna hans; sjó-
maðurinn slepti tókum og tók félaga sína með sér í
fallinu niður á mölina.

“Komið þið hingað! Fylgið mér á hæla!” hróp-
aði fyrirliðinn og kleif upp bakkann utan við
bryggjuna.

“Þér gjörð bezt í, að búast til ferðar, ungfrú”,
sagði Dextrý. “Þeir koma hér brátt”.

“Já, já, við skulum fara þegar! Eg verð að
komats út á ‘Santa Maria’. Hún er að leggja frá
landi! Ó, komið! Komið!”

Glenister skellihló, eins og stúlkan hefði sagt
eitthvað afar fyndið. Hann stóð grafkyrr.